



Fundargerð 15. fundar stjórnar SSA 17. janúar 2022

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir og Gauti Jóhannesson. Lárus Heiðarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl. 15:00

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 14. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (533,534), SSNE (32), SASS (577), SSS (774) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (904, Úrgangsmál) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (77) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*

2. Innra starf SSA

- 2.1 Sóknaárætlun 2022 - Úthlutun Uppbyggingarsjóðs
Framkvæmdastjóri sagði frá úthlutunarathöfn Uppbyggingarsjóðs sem fór fram á Zoom þann 14. desember. Athöfnin gekk vel og voru 55,5 milljónir til úthlutunar. Veittir voru 5 styrkir í stofn og rekstur, 13 í atvinnuþróun og nýsköpun og 31 í menningarmál. Formaður úthlutunarnefndar var Ásta Kristín Sigurjónsdóttir.
Umræður stjórnar um hvernig hægt sé að hvetja til fleiri umsókna í atvinnu og nýsköpun.
- 2.2 Áhersluverkefni 2022
Framkvæmdastjóri fór yfir framlög til sóknaráætlana landshlutanna. Sagði hún að mörg af áhersluverkefnum SSA séu verkefni til lengri tíma og svigrúm fyrir ný verkefni takmarkað sérstaklega þar sem heildar fjármagn dregst saman frá fyrra ári til Austurlands. Frekari umræða um áhersluverkefni verður á næstu fundum.
- 2.3 C14 – samstarf safna – skýrsla - *Formaður kynnti skýrslu um samstarf safna.*
- 2.4 B8 – Fjarvinnslustöðvar – *Verkefni í byggðaaætlun. Umræður stjórnar um tækifæri þessu tengt.*
- 2.5 C1 – Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða – *Framkvæmdastjóri kynnti auglýsingu.*
- 2.6 Póstþjónusta – *Framkvæmdastjóri sagði frá drögum að skýrslu sem henni barst frá starfshópi í desember. Í skýrslunni er bókun um áherslu á stöðuna á landsbyggðinni sem Stjórn SSA tekur undir.*
- 2.7 Breytt skipulag barnaverndar – *Framkvæmdastjóri sagði frá samtali sínu við sveitarfélögin, málefnið er í vinnslu.*
- 2.8 Uppfærsla svæðisáætlana – *Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.*



3. Önnur mál

3.1 Kjördæmavika 14.-15. febrúar. SSA og SSNE skipta með sér þessum dögum. Allir fundir verða fjarfundir.

3.2 Eftirfylgni við fjárlög og nýja ríkisstjórn. Framkvæmtastjóri kynnti. Formlegu ráðuneytin vera tilbúin 1.febr. Formaður og varaformaður fóru yfir stöðu mála og hvaða samtöl eru framundan.

Fundi slitið kl 16:07, næsti fundur 7.febrúar